

Verkaskipting og hlutverk stjórnar hvernar deildar og stjórnar BÍ

### **1. Hvert er hlutverk stjórnar hvernar búgreinadeildar?**

Hlutverk stjórna deilda búgreina er að taka ákvörðun um málefni er varða viðkomandi búgrein í samræmi við stefnu BÍ það sem ekki fellur undir sameiginleg málefni.

Á Búgreinapingi kys hver búgreinadeild sér stjórn sem fer, í samvinnu við stjórn BÍ, með þau málefni sem snúa að viðkomandi búgrein milli þinga.

Við sameiningu búgreinafélaga við Bændasamtök Íslands og fram að Búnaðarþingi 2022 er stjórn viðkomandi búgreinafélags sjálfkjörin stjórn deildar.

Formaður deildar situr í búgreinaráði. Búgreinaráð er stjórn BÍ til stuðnings, aðhalds og ráðgjafar. Búgreinaráðið fundar á a.m.k. tveggja mánaða fresti.

Stjórn deildar heldur á fjármunum sem eru í eigu búgreinafélagsins við sameiningu.

Stjórn deildar er jafnframt stjórn félagsins (í þeim tilfellum sem sameining fer fram án slita) sem heldur á fjármunum sem eru í eigu búgreinafélagsins fyrir og við sameiningu. Stjórnin fundar eins oft og hún telur þörf á og tekur stefnumarkandi ákvarðanir í málum sem varða viðkomandi búgrein.

Stjórn BÍ tilnefni í nefndir og ráð, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Á þetta við um fagråd búgreina, skipun í samninganefndir um búvörusamninga, verðlagsnefnd og framkvæmdanefnd búvörusamninga. Þegar tilnefning snýr að ákveðinni búgrein ber stjórn BÍ að hafa nefnd búgreinarinnar með í ráðum, endanleg ákvörðun og ábyrgð liggur þó hjá stjórn BÍ.

### **2. Purfa ákvarðanir stjórna búgreinadeilda að vera lagðar fyrir stjórn BÍ?**

Stjórnir deilda hafa sjálfstæði í ákvarðanatöku um málefni búgreinar sem rúmast innan stefnumiða BÍ. Ákvarðanir er gætu varðað hagsmuni annarra búgreina ber að hafa samráð um við stjórn BÍ.

Stjórn BÍ tekur ákvarðanir í málefnum sem varða hagsmuni landbúnaðarins í heild. Stjórn BÍ skal almennt upplýst um ákvarðanir sem teknar eru á vettvangi stjórnar deildar og settar verða verklagsreglur um upplýsingaflæði milli deilda, stjórnar og Búgreinaráðs.

Stjórn BÍ skal leita leiða til að sætta sjónarmið ef til ágreinings kemur um ákvarðanir sem lúta að málefnum heildarinnar.

### **3. Hvernig skiptast félagsgjöld niður á deildir? Gera þau það? Rennur ákveðið fjármagn til hvernar deildar í samræmi við umfang greinarinnar, eða allt í einn pott?**

Félagsgjöld eru nýtt til að fjármagna starfsemi BÍ og skrifstofu samtakanna. Meginhluti starfseminnar fellur undir sameiginleg hagsmunamál bænda en varðandi sértæk verkefni sem ekki eru reglubundin fyrr ákveðnar búgreinar verður að vinna fjárhagsáætlun.

Hluta af félagsgjöldum er ekki úthlutað sérstaklega á deildir enda fellur launakostnaður starfsmanna á heildarsamtökin.

Vinnuframlag tengiliða gagnvart hverri búgrein auk greiðslna vegna starfs deilda deilda endurspeglar að einhverju marki umfang greinarinnar. Um það má setja ákveðin viðmið og reglur en það er ekki útfært á þessari stundu.

**4. Hver hefur ákvörðunarvald yfir fjármunum hverrar búgreinar? Hefur stjórn deildar heimild til að taka ákvarðanir um að ráðast í ákveðin verkefni sem fela í sér einhvern kostnað, þá í samræmi við framlagða kostnaðaráætlun eða fyrirframákveðið ráðstöfunarfé?**

Stjórn deildar mun jafnframt vera stjórn félagsins (kennitala búgreinafélags v/sameiningu án slita) sem heldur á eignum búgreinadeildarinnar sem eru sérgreindar, þ.e. þær eignir sem eru til staðar við sameiningu.

Fjármunir sem síðar kunna að koma til og eru eyrnamerkir hverri búgrein verða á forræði stjórnar deildar, hvort sem þeir verða á sérgreindum reikningi innan BÍ eða á kennitölu núverandi búgreinafélags.

**5. Skal stjórn deildar skila kostnaðaráætlun inn til stjórnar BÍ um verkefni framundan, fyrir hvert verkefni eða fyrir komandi starfsár?**

Stjórnir deilda geta lagt fram tillögur að verkefnum ásamt kostnaðaráætlun, ef við á, sem beint skal til stjórnar BÍ. Getur þetta t.d. átt við um sérstök átaksverkefni sem snúa sérstaklega að ákveðinni búgrein. Er það hlutverk stjórnar BÍ að forgangsraða slíkum verkefnum eftir því sem fjárhagur samtakanna leyfir.

Við mat á ráðstöfun fjármuna skal tekið að einhverju marki tillit til umfangs greinarinnar, í fjölda félagsmanna og veltu, í starfsemi BÍ heilt yfir. Þó ber að hafa í huga að samtökin verða á hverjum tíma að geta beitt sér fyrir nýsköpun og eflingu landbúnaðar á Íslandi. Þá kunna að koma upp áföll eða mál verið uppi gagnvart ákveðnum búgreinum sem starf samtakanna tekur mið af.

Búgreinadeildir geta farið fram á auka álagningu á félagsmenn deildarinnar til að framfylgja einstökum verkefnum, ef svo ber undir. Leggja þarf fram röksemdir ef auka á álag félagsmenn búgreinadeildar til að framfylgja einstökum verkefnum sem stjórn deildar leggur til.